



Sóknarhópur Hagsmunaaðila

*Hagsmunaaðilar Vestfjarðastofu
Frá 2023*

Samstarf um sókn


- Samstarf um sókn grundvallast á markmiðum og áherslum sóknaráætlunar landshlutans
- Með því að vera aðili að Samstarfi um sókn hjá Vestfjarðastofu munt þú stuðla að framþróun Vestfjarða í samræmi við sóknaráætlun landshlutans
- Þú kemur að gerð og reglulegri endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða
- Þú kemur að gerð árlegrar starfsáætlunar Vestfjarðastofu
- Þú verður hluti af okkar samstarfsneti og hefur aðgang að verkfærum á innra svæði Vestfjarðastofu.

Hlutverk og framtíðarsýn Vestfjarðastofu

Vestfjarðastofa samþættir krafta landshlutans, fylgir eftir hagsmunum umhverfisins, samfélagsins og efnahagslífs byggðanna og stuðlar þannig að öflugum og sjálfbærum Vestfjörðum.

Vestfjarðastofa styður einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og sveitarfélög á Vestfjörðum við að ná árangri á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar. Vestfjarðastofa er í forsvari gagnvart stjórnvöldum, sinnir markaðssetningu og svæðasamstarfi á Vestfjörðum.





STERKARI RÖDD FYRIRTÆKJA

- Vestfjarðastofa var stofnuð árið 2017 til að vera vettvangur samstarfs innan Vestfjarða, sinna hagsmunagæslu og vera sameiginleg rödd fjórðungsins.
- Aðkoma sveitarfélaga hefur verið skýr gegnum Fjórðungssamband Vestfirðinga.
- Unnið hefur verið með fyrirtækjum á margvíslegum sviðum svo sem gegnum starfsemi Markaðsstofu Vestfjarða þar sem um 60 fyrirtæki eiga aðild, gegnum starf Sjávarútvegsklasa Vestfjarða þar sem stærstu sjávarútvegsfyrirtækin koma saman, gegnum samstarf við Samtök atvinnurekenda á öllum svæðum, gegnum samstarfsverkefni með matvælaframleiðendum, margþættan stuðning við frumkvöðla og fleira.
- Vantað hefur á að aðkoma fyrirtækja sé samþætt og að fulltrúar atvinnulífs og menningar í stjórn hafi formlegt bakland.

SÓKNARHÓPUR VESTFJARÐASTOFU

Vestfjarðastofa er vettvangur samstarfs á Vestfjörðum. Með sóknarhóp verður aðkoma fyrirtækja á svæðinu að stefnumótun, verkefnavali og hagsmunagæslu markvissari

- Hvað er sóknarhópur hagsmunaaðila:
 - Sérstakur vettvangur fyrirtækja innan Vestfjarðastofu – Sóknarhópur / hagsmunaaðilar
 - Á ársfundi kýs sóknarhópur 5 aðila í fulltrúaráð Vestfjarðastofu.
 - Sóknarhópur kýs 4 úr fulltrúaráði í stjórn Vestfjarðastofu
 - Sóknarhópur heldur minnst tvo fundi á ári og einn fundi á ári með stjórn Vestfjarðastofu
 - Sóknarhópur kemur að gerð stefnu og starfsáætlun Vestfjarðastofu
 - Stjórn sóknarhóps getur ályktað um hagsmunamál Vestfjarða
 - Aðilar að sóknarhópi greiða árgjald til Vestfjarðastofu
 - Fyrirtæki og stofnanir sem eru þegar meðal stofnaðila gera einnig samninga um aðild.
 - Sveitarfélög greiða árstillag til Fjórðungssambands Vestfirðinga sem samkvæmt samningi fer til Vestfjarðastofu



Samstarf um sókn – hvað fá fyrirtækin?

Útgáfa og verkfærakista


Vestfiridir.is
VisitWestfjords.is
Mánaðarlegt fréttabréf
Sýnileiki á samfélagsmiðlum
Ljósmyndabanki
Leiðbeiningar um vörupróun
Markhópagreining

Stefnumótun

Sóknaráætlun Vestfjarða
Innviðaaætlun Vestfjarða
Áfangastaðaáætlun
Innviðagreining Vestfjarða
Krossgötur - sviðsmyndagreining

Markaðsstarf

Ferðasýningar
Móttaka blaðamanna
Skipulagning FAM ferða
Birtingaráætlun
Samfélagsmiðlar
Dreifing markaðsefnis
Greinaskrif
Samstarf við hagsmunaaðila




Vettvangur samstarfs og sameiginleg rödd

Ársfundur Sóknarhóps
4 stjórnarmenn í Vestfjarðastofu
Áhrif á stefnu og starfsáætlun
Áhrif á Sóknaráætlun
Stuðningur við samstarf fyrirtækja

Viðburðir og fræðsla

Súpufundir og málstofur
Vinnustofur
Námskeið og fyrirlestrar

Árgjöld hagsmunaaðila Vestfjarðastofu



*Stöðugildi á ársgrundvelli

